

11. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins kr. 2 500 og ársleigu fyrir hvern mæli kr. 8 000. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytingar á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

12. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru miðuð við fasteignamat 1979, og breytast í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Sveitarstjórn getur hækkað og lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggir fyrir að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 250 31. desember 1965 fyrir Vatnsveitu Hriseyjar með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

1. gr.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum veitir tímabundna vinnuástoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi slys eða önnur forföll ber að höndum þannig að þeir sem veita búi eða heimili forstöðu geta ekki sinnt sínum daglegu störfum.

Nauðsynleg bússtörf teljast: hirðing og fóðrun gripa, vinna við voryrkju, heyskap og önnur uppskerustörf og önnur þau bústörf sem eðlilegt er að vinna á hverjum árstíma. Nauðsynleg heimilisstörf teljast daglegt heimilishald, minni háttar hreingerningar, útvegum til heimilis o. þ. l. og þau heimilisstörf, sem eðlileg teljast á hverjum tíma.

Ennfremur skal veita aðstoð ef óskað er þegar dauðsfall ber að höndum.

2. gr.

Það teljast lögmæt forföll, þegar læknir úrskurðar viðkomandi mann óvinnufæran, eða ekki færán til að sinna daglegum störfum, þegar viðkomandi þarf að vera fjarri búi sínu eða heimili í tvo daga eða meira vegna læknisskoðunar eða lækniaðgerðar.

Ennfremur skal veita aðstoð ef óskað er þegar dauðsfall ber að höndum.

3. gr.

Yfirstjórn forfallaþjónustu landbúnaðarins er í höndum Búnaðarfélags Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfallaþjónustu hvert á sínu svæði.

Sambandssvæði búnaðarsambandanna mynda starfssvæði fyrir forfallaþjónustuna. Telji yfirstjórn forfallaþjónustunnar það æskilegt og verði um það samkomulag á milli búnaðarsambanda geta tvö eða fleiri sambönd haft samvinnu um forfallaþjónustu og mynda þá starfssvæði viðkomandi búnaðarsambanda eitt þjónustusvæði.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands þarf til að hefja forfallaþjónustu.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingamanna (heildarfjöldi stöðugilda) í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili sem rétt eiga til forfallaþjónustu eða fleiri menn í hluta úr starfi. Taka skal í því sambandi tillit til félagsbúa og heimila sem hafa skertan rétt til afleysingaþjónustu, eins og hann er skilgreindur í þessari reglugerð. Ennfremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfsfólk sé þess þörf í einstökum tilfellum. Á sama hátt er heimilt að semja við fólk um að vera til ígripa þegar á þarf að halda. Greiðsla fyrir slík ígrip reiknast eftir dagafjölda.

Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun.

Heimilt er stjórn afleysingaþjónustunnar ef sérstaklega stendur á að viðurkenna störf barna eða náinna skyldmenna við afleysingastörf hjá bónda vegna lögmætra forfalla hans sbr. 3. málsg. 1. gr., enda sé viðkomandi ekki fastur starfsmaður búsin.

5. gr.

Nú ákveður búnaðarsamband eða fleiri búnaðarsambönd sameiginlega að setja á stofn forfallaþjónustu á starfssvæði sínu og skal þá tilkynna það Búnaðarfélagi Íslands. Jafnframt skal gera grein fyrir tilhögun fyrirhugaðrar starfsemi, hve margt starfsfólk ætlunin er að ráða og fyrirhugaðri búsetu þess. Sama gildir um lausráðið starfsfólk eða það sem ráðið er í hluta úr starfi.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands þarf fyrir því í hve mörg stöðugildi er ráðið á hverju svæði.

Nú er óskað eftir að ráða í fleiri stöðugildi en ákvæði þessi heimila eða fé er

veitt til á fjárlögum (sjá 2. málsg. 3. gr. laga um forfalla- og afleysingapjónustu) og skal þá Búnaðarfélag Íslands ákveða í hvaða röð verði orðið við umsóknunum.

Leitast skal við að ráða jöfnum höndum karla og konur til afleysingastarfa.

6. gr.

Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórn og skipulagningu á forfallapjónustu greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Til kostnaðar við stjórn og skipulagningu telst kostnaður við undirbúning og ráðningu í störf, síma- og skrifstofukostnaður og hlutdeild í launum þess starfsmanns sem hefur á hendi daglega stjórn ásamt óhjákvæmilegum ferðakostnaði hans.

Búnaðarsamböndin skulu reglulega minnst árlega gefa Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um framkvæmd forfallapjónustu og á hvern hátt starfskraftar afleysingafólks hafa nýst.

7. gr.

Allir bændur og þeir sem veita búum forstöðu og makar þeirra eiga rétt á aðstoð skv. ákvæðum þessum enda hafi þeir meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda.

Þeir bændur, sem hafa meirihluta tekna sinna af öðru en landbúnaði skv. skattframtali eiga rétt sem hér segir:

40—50% tekna af landbúnaði veitir 75% rétt

30—40% tekna af landbúnaði veitir 50% rétt

20—30% tekna af landbúnaði veitir 25% rétt

Ef tekjur af landbúnaði eru undir 20% tekna veitir það ekki rétt skv. ákvæðum þessum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sker úr um ágreiningsefni sem upp kunna að koma varðandi rétt einstaklinga skv. ákvæðum þessum.

8. gr.

Veikist bóndi eða maki hans eða forfallast á annan hátt sbr. 2. gr. og aðstoðar er óskað, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags sem síðan tilkynnir það stjórn afleysingapjónustunnar á svæðinu. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

Ef um bráð veikinda- eða slysatilfelli er að ræða er heimilt að veita aðstoð þótt læknisvottorð sé ekki þá þegar fyrir hendi.

9. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til að greiða föst laun afleysingafólks og skal það taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbúnaðarráðuneytinu fyrir frjótækna. Afleysingafólk hefur rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda.

Föst laun afleysingafólks eru fyrir 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamanni er skylt, þegar brýn nauðsyn er á, að vinna óhjákvæmileg bústörf dag hvern allt að 24 daga í senn á einu og sama búi gegn samfelldu fríi á eftir, jafnlöngu og unnir frídagar eru, en án sérstakrar aukapóknunar.

Vinni afleysingamaður lengur en 8 tíma á dag, greiðir viðkomandi bú honum þá yfirvinnu, sem um semst.

Afleysingafólk skal hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum.

Ef aðstæður leyfa geta afleysingamaður og viðkomandi bóndi komið sér saman um að afleysingamaðurinn fari daglega til heimilis síns til gistingar gegn sanngjarni aukagreiðslu, sem bóndinn greiðir. Viðkomandi bú greiðir ferðakostnað afleysingamanns við komu og við brottför er starfi hans lýkur.

Heimilt er að jafna ferðakostnað afleysingamanna innan einstakra starfssvæða, enda samþykki aðalfundur viðkomandi búnaðarsambands/sambanda slíka ráðstöfun.

Hámarkstími, sem bóndi getur haft afleysingamann með framangreindum kjörum er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans. Ekki er hægt að fá aðstoð fyrir skemmri tíma í einu en tvo daga.

Heimilt er bónda, sem ekki nýtur hámarks réttar til þjónustu sbr. 2. málsg. 7. gr. að hafa afleysingamann í allt að 24 daga á ári, sé afleysingamannsins ekki þörf annars staðar, og greiðir hann laun afleysingamannsins þann tíma sem er umfram rétt hans.

Nú hefur afleysingamaður lokið hámarks dvalartíma hjá bónda og er þá heimilt, sé þess óskað, að framlengja dvöl hans ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þess skal ávallt gætt að unnt sé að veita aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

10. gr.

Afleysingafólk skal hafa lokið prófi frá búnaðarskóla eða hlotið starfsreynslu sem jafngild geti talist, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Það skal einnig hafa sótt námskeið fyrir afleysingafólk, sem búnaðarskólarnir gangast fyrir í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands. Á þessum námskeiðum skal veita alhliða fræðslu um heimilisstörf, hirðingu og fóðrun búfjár, meðferð mjaldtavéla og allra algengra vinnuvéla. Einnig um fóðurverkun og jarðræktarstörf. Ennfremur skal leiðbeina um helstu einkenni búfjársjúkdóma.

11. gr.

Yfirstjórn afleysingaþjónustunnar skal sjá um að nýta sem best starfskrafta þess fólks, sem ráðið er til afleysingastarfa.

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá leitast við að ráða manninn til starfa hjá þeim, sem þurfa að fara frá búi að öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs eða til almennra bústarfa hjá bændum. Skal þá viðkomandi bóndi greiða starfið að fullu.

Ennfremur er heimilt að fela afleysingamönnum störf í þágu viðkomandi búnaðarsambands eða ræktunarsambands.

Fé það sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, samkv. ákvörðun yfirstjórnar forfalla- og afleysingaþjónustunnar, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast.

Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við afleysingaþjónustuna.

12. gr.

Um ráðningu afleysingamanna fer eftir almennum reglum. Búnaðarfélag Íslands setur afleysingamönnum erindisbréf.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum nr. 32 29. maí 1979, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 11. október 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Sigþórsson.